



NEYTENDASTOFA

**Reglur Neytendastofu**

# **Skoðunarhandbók fyrir innra eftirliti dreifiveitu fyrir veitumæla.**

**3. útgáfa í janúar 2014.**

## **Efnisyfirlit**

Inngangur .....	2
I. Ákvæði með spurningum og skýringum.....	3
Spurningar og skýringar með ákvæðum um innra eftirlit .....	3
II. Álitsgerð þegar tekið er upp innra eftirlit með veitumælum.....	13
Samantekt helstu spurninga fyrir álitsgerð úttektaraðila.....	13
Niðurstaða álitsgerðar .....	14
III. Árlegt eftirlit með innra eftirliti með veitumælum .....	15
Samantekt helstu spurninga fyrir árlegt eftirlit úttektaraðila .....	15
Niðurstaða skýrslu um árlegt eftirlit .....	16
IV. Umsóknareyðublað fyrir innra eftirlit og lýsing á umsóknarferli .....	17



## Inngangur

Dreifiveita eða eigandi mælitækja sem vill sækja um heimild Neytendastofu til innra eftirlits með veitumælum í fyrsta sinn skal fylla út umsóknareyðublað og leggja fram öll nauðsynleg gögn sem nauðsynleg eru vegna umsóknarinnar. Hafi umsækjandi lagt fram fullnægjandi gögn, fylgiskjöl og greitt tilskilin gjöld gefur Neytendastofa formlega út heimild til forskoðunar af hálfu úttektaðila sem Neytendastofa viðurkennir og umsækjandi hefur tilgreint í umsókninni.

Við forskoðunina og skyldubundið árlegt eftirlit ber úttektaðila að fara eftir þessari skoðunarhandbók. Þessi skoðunarhandbók inniheldur ákvæði með spurningum og skýringum og form fyrir niðurstöður úttektaðila í samræmi við kröfur reglugerða nr. 1061/2008 um mælifræðilegt eftirlit með raforkumælum, nr. 1062/2008 um mælifræðilegt eftirlit með vatnsmælum og nr. 561/2012 um mælifræðilegt eftirlit með varmaorkumælum. Sameiginlegt heiti fyrir alla þessa mælaflokka er *veitumælar*.

Eftir forskoðun skal úttektaðili fyrir hönd dreifiveitu leggja fram álitserð til Neytendastofu. Álitserðinni skal fylgja „Niðurstaða álitserðar“ sbr. meðfylgjandi form *II. Álitserð þegar tekið er upp innra eftirlit með veitumælum* ásamt skýrslu um úttektina og fylgiskjöllum. Geri Neytendastofa athugasemdir og óski úrbóta, skal úttektaðili leggja fram viðbótargreinagerð eftir að þær úrbætur hafa verið gerðar.

Veita sem óskar eftir framlengingu á innra eftirliti skal leggja fram skýrslu úttektaðila. Skýrslunni skal fylgja „Niðurstaða skýrslu um árlegt eftirlit“ sbr. meðfylgjandi form *III. Árlegt eftirlit með innra eftirliti með veitumælum* ásamt skýrslu um úttektina og fylgiskjöllum.

Staðallinn ÍST EN ISO 9001:2008 er til viðmiðunar en ekki bindandi fyrir innra eftirlit með veitumælum. Innra eftirlit með veitumælum snýst um mæla og mælingar og því eru þeir þættir mikilvægastir, er lúta að rekjanleika mælinga og mæligagna, sem verða forsenda reikninga.

Þessi skoðunarhandbók hefur stöðu reglna frá Neytendastofu og er birt á heimasíðu stofnunarinnar til eftirbreytni úttektaðilum og dreifiveitum varðandi innra eftirlit með veitumælum.

Neytendastofa  
8. nóvember 2013  
Tryggvi Axelsson forstjóri.



## I. Ákvæði með spurningum og skýringum

### Spurningar og skýringar með ákvæðum um innra eftirlit

#### Úr reglugerðum nr.

**1061/2008 um mælifræðilegt eftirlit með raforkumælum,  
1062/2008 um mælifræðilegt eftirlit með vatnsmælum og  
561/2012 um mælifræðilegt eftirlit með varmaorkumælum.**

#### **Innra eftirlit, löggildingaraðilar og prófunarstofur.**

*Almenn skilyrði um innra eftirlit.*

**ÁKVÆÐI 1:** Heimilt er að nota innra eftirlit í stað löggildinga að fengnu samþykki Neytendastofu samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar sbr. 14. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn. Þrátt fyrir það skulu nýir raforkumælar með íslensk vottorð fá löggildingu áður en þeir eru teknir í notkun.

**SP 1.1:** *Er verið að sækja um samþykki fyrir innra eftirlit með veitumælum í fyrsta sinn?*

**SP 1.2:** *Er verið að sækja um framlengingu á innra eftirliti með veitumælum?*

**SP 1.3:** *Hafa allir mælar undir innra eftirliti réttar heimildir til notkunar skv. reglugerðinni?*

#### **SKÝRINGAR 1:**

Orðin mælar og veitumælar eru notuð hér og oft í þessu skjali þegar ekki þarf að greina milli raforku-, vatns- og varmaorkumæla.

Vinna úttektaraðila og spurningar sem lagðar eru fyrir dreifiveitu eru ólíkar fyrir nýtt kerfi eða framlengingu á innra eftirliti.

EBE mælar skulu réttilega merktir og innsiglaðir, sumir raforkumælar hafa íslenskt vottorð um gerðarviðurkenningu, en aðrir nýir mælar eru MID mælar. MID mæla má taka í fyrstu notkun hafi þeir samræmismat og réttar merkingar. Eldri mælar, sem ekki tilheyra þessum þrem flokkun, fá að renna sitt skeið á sínum fyrri heimildum en þeir þurfa að standast prófanir eins og aðrir mælar. Allt er þetta nánar áskilið í viðeigandi reglugerð.

**ÁKVÆÐI 2:** Innra eftirlit skal tryggja réttar mælingar og að mælaskipti, úrtök og prófanir fari fram á réttum tíma og að það hlutfall mæla sem ætla má að komið sé út fyrir leyfileg skekkjumörk skv. IV. kafla reglugerða nr. 1061/2008, 1062/2008 og 561/2012 sé ásættanlegt.

*Er tryggt að mæling notkunar hjá viðskiptavinum sé rétt með eftirfarandi ráðum:*

**SP 2.1:** *Hafa mælarnir viðurkenningar og prófanir/löggildingar sem krafist er fyrir nýja mæla?*

**SP 2.2:** *Eru mælarnir prófaðir af faggiltri prófunarstofu fyrir framlengingu?*

**SP 2.3:** *Er gildistími útrunninn?*

**SP 2.4:** *Notar veitan verklagsreglur um flutningur, uppsetning og tengingar mæla?*

**SP 2.5:** *Er til gagnasafn yfir alla mælana þar sem fylgst er með gildistíma og eftirlitsstöðu þeirra?*



**SP 2.6:** *Fara mælaskipti fram áður en gildistími rennur út, þegar ekki á að framlengja?*

**SP 2.7:** *Liggja niðurstöður úrtaksprófana safna eða heildarskoðana fyrir áður en gildistími rennur út?*

**SP 2.8:** *Má ætla að hlutfall mæla utan leyfilegra skekkjumaka sé ásættanlegt?*

#### SKÝRINGAR 2:

Það er hlutverk faggiltrar prófunarstofu sem mælar eru sendir til, að skila skýrslu um prófun mælanna þar sem fram kemur greinilega frávik hvers mælis, hvaða mælar hafa staðist og hverjir hafa fallið miðað við kröfur IV. kafla reglugerðanna um mestu leyfðu skekkju o.fl. og miðað við prófunarkröfur skv. V. kafla reglugerðanna. Auk þess þurfa að liggja fyrir verklagsreglur til að koma í veg fyrir að flutningur, uppsetning og tengingar mæla spilli réttum mælingum þeirra.

Betur er vart hægt að tryggja réttar mælingar hjá viðskiptavinum, en verið getur að einhverjar aðstæður eða vafasamar tengingar á notkunarstað geti hugsanlega spillt réttum mælingum eða að viðskiptavinur geri ágreining. Sé mælirinn tekinn niður og sendur í prófun eru það ekki sömu aðstæður og á uppsetningarstað og þá væri betra að setja upp samanburðarmælingu, helst frá óháðri prófunarstofu en þessi reglugerð tekur ekki til þessara tilvika.

Til þess að unnt sé að fylgjast með því hvenær gildistími rennur út þarf að liggja fyrir í gagnasafni yfirlit um alla mæla í notkun, flokkun þeirra í söfn, ár fyrstu skoðunar þegar framleiðsluár er ekki notað til viðmiðunar, framleiðsluár, viðgerðarár þegar það á við, síðasta löggilding eða framlenging og hugbúnaður eða spjaldskrárvinna skal notað til að gefa yfirlit tímanlega hvaða mæla þarf að skoða og prófa á árinu áður en gildistími þeirra rennur út.

Svarið við **SP 2.8:** „Má ætla að hlutfall mæla utan leyfilegra skekkjumaka sé ásættanlegt?“ verður eðlilega matskennt en þó skal styðja það tölfræðilega með þeim gögnum sem fyrir liggja. Ástand safna mun koma fram síðar þegar mælar eru sendir í prófun. Ef óeðlilega mörg söfn eða mælar falla þarf að leita orsaka og endurskoða gildistíma.

Hvað þykir síðan vera sættanlegt? Venjulega er miðað við að á meðan 95% mæla eru innan mestu leyfðu skekkju og enginn utan tvöfaldrar skekkjumarka, sé markmiði eftirlits náð.

**ÁKVÆÐI 3:** *Prófanir og úrtaksskoðanir mæla undir innra eftirliti skulu vera eftir ákvæðum V. kafla reglugerðanna og prófanirnar skulu gerðar af prófunarstofu sem uppfyllir ákvæði um faggildingu o.fl.*

**SP 3.1:** *Eru prófanir prófunarstofu gerðar í samræmi við kröfur V. kafla reglugerðanna?*

**SP 3.2:** *Uppfyllir prófunarstofan kröfur um faggildingu og hæfi?*

*Er úrtak mælasafna tekið í samræmi við ákvæði V. kafla reglugerðanna?*

**SP 3.3:** *Er flokkun mæla í söfn eftir ákvæðum um einsleitni, gerð og framleiðsluár og lágmarksfjöldi mæla í söfnum í samræmi við úrtaksfyrirmæli?*

**SP 3.4:** *Er viðmiðunarár skoðana miðja tímabils ef það eru 3 ár?*

**SP 3.5:** *Hefur viðmiðunarári skoðana verið breytt fyrir viðgerða mæla?*

**SP 3.6:** *Hvernig er tryggt að úrtak sé slembiúrtak?*

**SP 3.7:** *Er þess gætt að bæta ekki mælum við safn milli úrtaks og ákvörðunar um framlengingu?*

**SP 3.8:** *... (fellt út 2013)*

**SP 3.9:** *Er fjöldi í úrtökum og fjöldi varamæla valinn skv. töflum úrtaksfyrirmæla?*

**SP 3.10:** *Er farið eftir ákvæðum reglugerða þegar mælar eru fjarlægðir úr úrtaki?*

**SP 3.11:** *Var innsigli mælis sem valinn var í úrtak rofið?*

**SP 3.12:** *... (fellt út 2013)*



**SP 3.13:** *Er ástæða rofins innsigliis raforkumælis þekkt og skráð?*

**SP 3.14:** *... (fellt út 2013)*

**SP 3.15:** *Liggur fyrir áætlun um útskipti innan árs fyrir söfn sem falla?*

**SP 3.16:** *Liggur fyrir áætlun um ráðstöfun úrtaksmæla eftir prófun?*

**SP 3.17:** *Er ábyrgð, umsjón, flokkun, skráning, ákvarðanir og viðhald **safna** í samræmi við kafla 4.2.4 í ÍST EN ISO 9001:2008?*

**SP 3.18:** *Eru áætlanir og aðferðir við mælasetningu, merkingar, skráningu, meðferð og ráðstöfun **úrtaksmæla** rökstuddar og skjalfestar?*

### SKÝRINGAR 3:

Prófunarstofan ber ábyrgð á því að prófa mæla í samræmi við kröfur V. kafla reglugerðanna. Ekki er ástæða til að efast um það á meðan prófunarstofa uppfyllir kröfur reglugerða.

Veitan annast úrtak og metur hvort safn hefur staðist á grundvelli prófunarskýrslu frá prófunarstofu og gerir viðeigandi ráðstafanir við mælasafn og úrtaksmæla.

Skilyrði sem mælar í sama safni þurfa að uppfylla eru tilgreind í greininni um “Skilgreiningu safna og reglur um úrtak” í reglugerðunum en eigi að síður getur verið um mat að ræða hvað varðar einsleitni, þannig er ekki krafist að viðmiðunarstraumur eða spenna raforkumæla eða þvermál vatnsmæla séu alltaf jöfn fyrir mælana.

Ef framleiðsluár mælanna eru tvö samliggjandi ár er heimilt að viðmiðunarár skoðana sé síðara árið, ef þau eru þrjú skal miðað við miðárið og mælar í sama safni mega ekki liggja utan tímabils þriggja framleiðsluára.

Viðgerður mælir ekki lengur heima í safni sem hann var áður hluti af, litið er á hann sem nýjan mæli.

Í slembiúrtaki eiga allir mælar í safni að hafa jafnan möguleika á því að lenda í úrtakinu. Ýmsar aðferðir má nota til þess, m.a. forrit eða með því að draga miða eins og í tombólu. Aðferðin þarf að vera skráð, ekki má breyta reglum í miðjum leik og þegar númer mælanna liggja fyrir skulu þau skráð og ekki má breyta þeim, aðeins nota varamæla eftir þörfum. Verði mistök sem ekki er auðvelt að leiðrétta skal endurtaka gerð slembiúrtaksins

Mikilvægt er að breyta ekki “íbúum” safns fyrr en öllu ferlinu við úrtaksskoðun er lokið, breytt safn er ekki sama safnið og í upphafi.

Velja þarf alla mæla í einfalt eða tvöfalt úrtak ásamt varamælum, þegar í upphafi, enda þótt þeir verði ekki allir teknir niður nema fyrra úrtakið falli eða nota þurfi varamæla. Fjöldi varamæla á að vera “allt að 10%” eins og segir í reglugerðinni, en það er aðeins viðmiðunarregla, sem sett var upphaflega þegar ekki var gert ráð fyrir svo litum söfnum sem raunin varð síðar í vinnslu reglugerðarinnar en nákvæmur fjöldi er tilgreindur í töflunum um úrtaksfyrirmælin og fjöldi varamæla (1 og 2) fyrir einfalda úrtaksskoðun er reyndar yfir 10%. Fjöldi varamæla sem gefinn er upp í töflu um tvöfalda úrtaksskoðun er sá fjöldi sem velja skal í upphafi, en aðeins á að nota helming varamælanna (3, 5, 8 eða 12) með fyrra úrtakinu og síðan þá sem eftir eru með síðara úrtakinu ef þörf krefur.

Rofin innsigli þarf að skrá, en þau geta verið vísbending um ólögleg inngríp eða verið vegna vinnu í töflu eða mælagrind o.fl.

Þegar safn fellur er gefið ár til útskiptingar, sem talið er hæfilegur frestur til þess að afla nýrra mæla og setja þá upp.

Vinnureglur um ráðstöfun prófmæla þurfa að liggja fyrir. Ef safnið fellur má samt nota úrtaksmæla sem stóðust áfram, en þeir tilheyra þá ekki safni lengur. Hafi safnið staðist má setja



mæla sem stóðust upp aftur og þá eru þeir áfram hluti af safninu, hugsanlega með nýtt heimilisfang.

Öll meðferð safna og framkvæmd úrtaks krefst öruggs skipulags með réttri stjórnun og skilgreiningu ábyrgðar, tryggja þarf að úrtaksmælar (sýni) ruglist ekki og séu rétt merktir en aðferðir gæðakerfa eins og ISO 9001, duga vel til að ná þessum markmiðum.

#### NOTKUN VARAMÆLA

Þær ástæður sem heimila notkun varamæla eru skemmdir og bilanir í vissum tilvikum, mælir hefur ranglega lent í safni eða ekki er unnt að nálgast mælinn. Þessar ástæður geta verið forsenda annarra aðgerða, svo sem að kanna betur samsetningu safnsins eða leita skýringa og bóta vegna skemmda o.fl. sem kann að liggja utan gildissviðs þessara reglugerða.

Við notkun þessara reglna hafa komið fram ýmis tilvik sem rétt er að skýra nánar varðandi notkun varamæla. Neytendastofa getur aðstoðað við að skera úr um vafatilvik. Hafa skal í huga þegar lagt er mat á mæli, sem ekki er í lagi, að úrtak er notað til að spá fyrir um ástand safns. Þess vegna getur verið álitamál hvort nota skal varamæli fyrir „bilaðan“ mæli. Það er ekki verið að tala um bilanir eða skekkjur sem orsakast af veikleikum í mælunum sjálfum eða af áhrifum úr umhverfinu sem gera má almennt ráð fyrir heldur sérstök tilvik eða aðstæður. Hér á eftir er fjallað um nokkur tilvik:

- Hafi mælir, sem valinn var í úrtak, orðið fyrir höggi eða öðru tjóni við niðurtöku, flutning eða prófun má nota varamæli í hans stað.
- Þegar léleg gæði afhentar raforku svo sem spennuhögg eða þrýstingshögg í hitaveitu valda tjóni á mælum á tilteknu svæði má gera ráð fyrir að svo sé einnig um mælana sem lenda í úrtaki og safnið mundi að öllum líkindum falla. Æskilegra er þó að þeim verði öllum skipt út eða aðrar ráðstafanir gerðar til þess að ganga úr skugga um að þeir séu óskemmdir.
- Liðurinn „Mælirinn á ekki heima í þessu safni“ merkir að hann hafi verið valinn ranglega í úrtakið af því að hann átti ekki að vera í safninu, úrtök rugluðust saman á lager eða eitthvað í þeim dúr. Þessi liður hefur ekkert með bilanir eða ástand mæla að gera.
- Þegar mælir í úrtaki reynist bilaður eða með skekkju í prófun og síðan finnst ástæðan fyrir því, svo sem laus tenging inni í mæli eða sýnilegur áverki á mæli er það eitt ekki nægileg ástæða til að skipta honum út fyrir varamæli. Ef slík ástæða gæti átt við mælana sem eru áfram uppi þá ber að fella safnið þegar það á við.
- Ef ekki er mögulegt að fá leyfi notanda til að taka niður mæli á tilsettum tíma er heimilt að fjarlægja hann úr úrtakinu. Dæmi um aðrar sambærilegar ástæður geta eru:
  - ekki næst í mæli vegna ófærðar
  - mælir glatast í meðferð veitu
  - notandi er fjarverandi vegna veikinda
  - notandi er langdvölum erlendis



**ÁKVÆÐI 4:** Við innra eftirlit í stað löggildinga skal nota upplýsingakerfi sem veitir yfirlit um alla mæla, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Veita skal notendum og Neytendastofu viðkomandi upplýsingar um mælana úr þessu kerfi.

**SP 4.1:** Er fyrir hendi upplýsinga og gagnasafnskerfi sem veitir yfirlit um alla mælana?

**SP 4.2:** Fær Neytendastofa álitserð eða árlega skýrslu frá úttektaraðila og umbeðnar upplýsingar frá dreifiveitu?

**SP 4.3:** Fá notendur upplýsingar um sinn mæli?

#### SKÝRINGAR 4:

Neytendastofa þarf ekki að þekkja gagnasafnið í smáatriðum. Krafan er sú að kerfið gagnist til þess að halda utan um nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við ákvæði reglugerðanna. Almennar kröfur sem slíkt kerfi þarf að uppfylla eru einkum um öryggi gagna, að gögnum verði ekki spillt viljandi eða óviljandi og um afritun og geymslu gagna eftir að mælir var í notkun í síðasta sinn.

Veiting heimildar til að hefja notkun innra eftirlits og til framlengingar er háð því að álitserð og árleg skýrsla berist frá úttektaraðila í samræmi við ákvæði reglugerðanna auk annarra umbeðinna upplýsinga frá dreifiveitu.

Veitan þarf að mæta notendum með ólíkar þarfir svo sem þeim sem ekki notar tölvur en vilja hringja, sumir kjósa að nota netið og aðrir vilja fá skriflegar upplýsingar. Reglugerðirnar kveða á um að “neytendur skuli upplýstir um löggildingarstöðu mælis sem þeir greiða eftir og hvort mælir falli undir innra eftirlit, á reikningi eða á annan aðgengilegan hátt”. Þar sem innra eftirlit kemur í stað löggildinga ber að skilja orðið “löggildingarstaða” þannig, að það séu upplýsingar um hvort mælirinn sé í safni, hvort úrtak hafi verið tekið á réttum tíma, hvort safnið hafi staðist og hvenær gildistími safnsins eða mælisins rennur er liðinn.

**ÁKVÆÐI 5:** Innra eftirlitskerfið skal vera skráð að fullu í eftirlits- og gæðahandbók dreifiveitu.

**SP 5.1:** Er kerfið skráð að fullu í eftirlits- og gæðahandbók?

#### SKÝRINGAR 5:

Hér er átt við verklagsreglur, vinnulýsingar og eyðublöð, gögn og skráningar gæðaskráa, ýmist skrifleg eða rafræn sbr. ÍST EN ISO 9001:2008.

### Umsókn og málsmeðferð fyrir innra eftirlit.

**ÁKVÆÐI 6:** Dreifiveitur og þjónustufyrirtæki mælinga geta óskað eftir samþykki Neytendastofu fyrir því að gæðakerfi eða önnur formleg tilhögun innra eftirlits með veitumælum og rekjanleika mæligilda þeirra verði tekin gild í stað löggildingar.

**SP 6.1:** Er dreifiveitan með samning við þjónustufyrirtæki um mælaumsýslu?

**SP 6.2:** Var rekstur innra eftirlits hafinn áður en sótt var um heimild til að nota það í stað löggildingar?

**SP 6.3:** Er fyrir hendi vottað gæðakerfi?

**SP 6.4:** Er fyrir hendi innra öryggisstjórnunarkerfi rafveitu?

**SP 6.5:** Eru mælingar sölumæla rekjanlegar?

**SKÝRINGAR 6:**

Reglugerðirnar heimila að dreifiveita feli þjónustufyrirtæki að annast mælingar og umsýslu mæla. Dreifiveitan ber þó ábyrgð á mælingum og á því að kröfur um mæla séu uppfylltar skv. reglugerðum og því er jafnan talað um veiturnar í þessu skjali.

Sækja þarf um samþykki innra eftirlits til Neytendastofu, ekki er heimilt að láta vita eftir á, þannig að meðan verið er að undirbúa innra eftirlit sem ekki hefur hlotið samþykki gilda almennar kröfur um löggildingu aðila í umboði Neytendastofu.

Orðalagið “gæðakerfi eða önnur formleg tilhögun innra eftirlits” gefur til kynna að gæðakerfi er fyrirmyndin sem höfð er í huga en ekki er farið fram á að það sé vottað. Jafnframt liggur fyrir sú staðreynd að rafveitur reka innra öryggisstjórnunarkerfi og eru því með “formlega tilhögun innra eftirlits” sem ekki nær sérstaklega til raforkumæla en er eigi að síður rammi sem kann að stytta verulega leiðina fyrir innra eftirlit með bæði raforku- vatns og varmamælum.

Hér er einnig gerð krafa um að mæligildi séu rekjanleg, en þetta hugtak vísar til kvarðana með rekjanlegum mæligrunnum, sem staðallinn ÍST EN ISO 17025 leggur sérstaka áherslu á. Innra eftirlit með veitumælum skv. þessari reglugerð mælir fyrir um að prófanir mæla fara fram hjá prófunarstofu sem ef faggilt skv. ÍST EN ISO 17025. Rekjanleiki þeirra prófana er því tryggður og skekkjumörk mæla og óvissa prófana þeirra er þekkt. Mæligildi notkunar hjá notendum eru þó ekki rekjanleg, þrátt fyrir rekjanleika prófana, nema skjöl og gögn með öllum upplýsingum um mælana séu meðhöndluð þannig að rekja megi allt sem gerist í sögu mælisins til hans sem “einstaklings”.

**ÁKVÆÐI 7: Umsókn skal fylgja eftirlits- eða gæðahandbók, um kerfið fyrir innra eftirlit, sem byggir á ÍST ISO 9001:2008 eftir því sem við getur átt.**

**SP 7.1:** *Hefur eftirlits- eða gæðahandbók um kerfið fyrir innra eftirlit verið lögð fram?*

**SP 7.2:** *Tekur uppsetning á kerfi fyrir innra eftirlit mið af gæðakerfi, sem hefur fengið ISO 9001 vottun?*

**SKÝRINGAR 7:**

Aðlaga þarf efnisþættina að innra eftirliti með veitumælum eftir því sem við á til þess að mæta kröfum reglugerðarinnar. Rök geta staðið til þess að sumir efnisþættir eigi ekki við. Þeir þættir sem eru mikilvægastir snúa að stýringu gæðaskjala, skráningu gagna, skipulagi og stjórnun, meðferð mæla í úrtaki og formlegri ákvarðanatöku í samræmi við niðurstöður prófana og að fylgja eftir ákvörðunum um framlengingu eða lok útivistar mæla með ráðstöfunum safna og úrtaksmæla sem voru teknir niður.

**ÁKVÆÐI 8: Umsókn skal fylgja samningur dreifiveitu við faggiltan úttektaraðila um forskoðun á viðkomandi innra eftirliti.**

**SP 8.1:** *Liggur samningur við faggiltan úttektaraðila fyrir?*

**SKÝRINGAR 8:**

Leggja skal fram afrit af skriflegum samningi.

**ÁKVÆÐI 9: Umsókn skal fylgja yfirlit um rekstur kerfisins og aðrar upplýsingar, sem Neytendastofa telur nauðsynlegar fyrir samþykki, komi þær ekki fram í eftirlits- eða gæðahandbók.**

**SP 9.1:** *Er yfirlit um rekstur kerfisins fyrir hendi?*

**SP 9.2:** *Hafa Neytendastofu verið sendar hugsanlega umbeðnar upplýsingar?*



**SKÝRINGAR 9:**

Rekstur innra eftirlits þarf að vera tryggður, m.a. með starfsmönnum, vinnuástöðu, rekstrarfé, tímaáætlunum, stuðningi stjórnenda og að ekki sé vitað um neinar hindranir annarra stjórnvalda, lögaðila eða sammingsaðila. Ekki er víst að þessir þættir komi allir fram í gæðahandbók.

**ÁKVÆÐI 10:** Kerfi fyrir innra eftirlit skal fullnægja öllum ákvæðum laga og reglugerða, svo og reglum sem Neytendastofa setur og tryggja eiga réttar mælingar.

**SP 10.1:** Fullnægir kerfið sem lýst er í handbók innra eftirlits öllum kröfum reglugerðanna?

**SP 10.2:** Eru reglur, settar af Neytendastofu um innra eftirlit, uppfylltar?

**SKÝRINGAR 10:**

Orðalagið “skal fullnægja öllum ákvæðum laga og ... “ er oft notað til vara, enda er krafan sjálfgefin en ef ekki eru sérstakar vísbendingar um annað þá er nóg að skoða kröfur þessarar reglugerðar. Neytendastofa kann svo að setja reglur um nánari útfærslu, svo sem þessar reglur um innra eftirlit og þá ber einnig að fara eftir þeim.

**ÁKVÆÐI 11:** Neytendastofa skal tilkynna umsækjanda að forskoðun faggilts úttektaraðila megi fara fram, þegar fullnægjandi umsókn og fylgigögn liggja fyrir og greiðsla á umsóknargjaldi skv. gjaldskrá sem ráðherra setur hefur farið fram.

**SP 11.1:** Hefur umsóknargjald verið greitt?

**SP 11.2:** Hefur Neytendastofa tilkynnt umsækjanda að forskoðun megi fara fram?

**SKÝRINGAR 11:**

Neytendastofa metur hvort framlögð gögn ná yfir allt það efni sem krafist er en metur innihaldið ekki í einstökum atriðum, það gerist í forskoðun úttektaraðila. Þegar umsóknargjald skv. gjaldskrá, sem ráðherra setur, hefur einnig verið greitt, tilkynnir Neytendastofa að forskoðun megi fara fram.

**ÁKVÆÐI 12:** Úttektaraðilinn annast skoðun og úttekt á kerfi fyrir innra eftirlit á grundvelli reglna sem Neytendastofa setur og fram koma í skoðunarhandbók Neytendastofu fyrir innra eftirlit.

**SP 12.1:** Hefur skoðun farið fram á grundvelli reglna í skoðunarhandbók?

**SKÝRINGAR 12:**

Skoðunarhandbókin er þetta skjal og reglurnar koma fram í ákvæðum, spurningum og skýringum, sem byggja á viðkomandi reglugerðum. Eyðublöðin eru til að votta heildarniðurstöðu úttektaraðila en svör við einstökum spurningum og frekari skýrslur og greinagerð eru sett í fylgiskjöl.

**ÁKVÆÐI 13:** Í umsóknarferli um viðurkenningu á innra eftirliti er umsækjanda skylt að veita allar upplýsingar um tilhögun innra eftirlits, eftirlitshandbók og önnur gögn um rekstur kerfisins og veita allar nauðsynlegar upplýsingar sem þarf til að leggja mat á og gefa ábendingar um úrbætur á fyrirhuguðu innra eftirliti.

**SP 13.1:** Hefur umsækjandi veitt umbeðnar upplýsingar varðandi innra eftirlit, eftirlitshandbók og önnur gögn um rekstur kerfisins?

**SP 13.2:** Hafa verið veittar hugsanlega umbeðnar upplýsingar í tengslum við úrbætur?

**SKÝRINGAR 13:**



Beiðni um upplýsingar geta bæði komið frá Neytendastofu og úttektaraðila.

Hafi verið farið fram á úrbætur þarf að leggja fram gögn um að þær hafi farið fram og gæðahandbók breytt til samræmis þegar það á við.

**ÁKVÆÐI 14:** Neytendastofa tekur ákvörðun um samþykki á grundvelli álitsgerðar frá faggiltri úttektaraðila og þeirra úrbóta sem umsækjandi hefur gert, þegar það á við. Uppfylli umsækjandi um innra eftirlit öll skilyrði sem Neytendastofa ákveður, veitir hún leyfi til að notað verði innra eftirlit í stað löggildinga gegn greiðslu á leyfisgjaldi samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

**SP 14.1:** Hefur úttektaraðili skilað álitsgerð um fyrirhugað innra eftirlit?

**SP 14.2:** Hefur umsækjandi lokið úrbótum sem farið var fram á?

**SP 14.3:** Hefur umsækjandi greitt leyfisgjald skv. gjaldskrá?

**SP 14.4:** Hefur Neytendastofa veitt leyfi til að notað verði innra eftirlit?

#### SKÝRINGAR 14:

Síðustu spurningunni verður eðlilega ekki svarað játandi, meðan á umsóknarferli stendur.

**ÁKVÆÐI 15:** Synji Neytendastofa um samþykki skal það rökstutt skriflega.

**SP 15.1:** Hefur Neytendastofa synjað um samþykki fyrir innra eftirliti?

**SP 15.2:** Hefur skriflegur rökstuðningur synjunar verið sendur umsækjanda?

**SP 15.3:** Hefur synjun verið skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála?

**SP 15.4:** Liggur úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála fyrir?

#### SKÝRINGAR 15:

Um synjun á samþykki til að taka upp innra eftirlit gilda almenn ákvæði stjórnsýslulaga og venjur í stjórnsýslunni. Í mælifræðilögum nr. 91/2006 er gert ráð fyrir áfrýjunarnefnd neytendamála en síðan er dómstólaleiðin opin eins og almennt gildir.

**ÁKVÆÐI 16:** Uppfylli innra eftirlit ekki lengur skilyrðin skal Neytendastofa afturkalla leyfi til innra eftirlits með veitumælum.

**SP 16.1:** Liggja upplýsingar fyrir um að skilyrði fyrir innra eftirlit sé ekki lengur uppfyllt

**SP 16.2:** Hefur Neytendastofa afturkallað leyfi til innra eftirlits?

**SP 16.3:** Hefur skriflegur rökstuðningur afturköllunar verið sendur umsækjanda?

**SP 16.4:** Hefur afturköllun verið skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála?

**SP 16.5:** Liggur úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála fyrir?

#### SKÝRINGAR 16:

Um afturköllun á innra eftirliti í notkun eða á framlengingu gilda almenn ákvæði stjórnsýslulaga og venjur í stjórnsýslunni. Í mælifræðilögum nr. 91/2006 er gert ráð fyrir áfrýjunarnefnd neytendamála en síðan er dómstólaleiðin opin eins og almennt gildir.

### Árlegt eftirlit og skýrslugerð.

**ÁKVÆÐI 17:** Dreifiveita eða þjónustufyrirtæki mælinga, sem fengið hefur samþykki Neytendastofu til innra eftirlits, skal hafa samning við faggiltan úttektaraðila um árlegt eftirlit í samræmi við skoðunarhandbók Neytendastofu svo og sérstakar skoðanir ef það á við.

**SP 17.1:** Liggur fyrir samningur við úttektaraðila um árlegt eftirlit og sérstakar skoðanir?

#### SKÝRINGAR 17:

Senda skal Neytendastofu afrit af skriflegum samningi við úttektaraðila um árlegt eftirlit.



**ÁKVÆÐI 18:** Faggiltur úttektaraðili skal gefa Neytendastofu skýrslu árlega og eigi síðar en 1. mars fyrir síðastliðið ár, um allt eftirlit og skoðanir, niðurstöður skoðana og ákvarðanir sem hafa verið teknar um mæla.

**SP 18.1:** *Hefur skýrslu fyrir umliðið ár verið skilað innan tilskilins frests til Neytendastofu?*

**SP 18.2:** *Gefur skýrsla yfirlit um allt eftirlit og skoðanir og niðurstöður skoðana?*

**SP 18.3:** *Sýnir skýrslan og rökstyður ákvarðanir sem hafa verið teknar um mæla?*

**SP 18.4:** *Sýnir skýrslan að rekstur innra eftirlits sé áfram í samræmi við kröfur.*

**SKÝRINGAR 18:**

Skýrslan skal bera með sér að allar kröfur um veitumæla og til innra eftirlits með þeim séu uppfylltar þannig að Neytendastofa geti tekið upplýsta ákvörðun um framlengingu. Berist skýrsla síðar en 1. mars getur það haft þau áhrif að ákvörðun seinki.

Skýrslan skal hafa yfirlit um hvernig eftirlit var framkvæmt, hvaða söfn fóru í úrtak og prófanir og hvort þau stóðust, einnig skal vera yfirlit um prófanir mæla sem ekki eru hluti af safni.

Rökstuðningur fyrir framlengingu eða falli safna skal koma fram.

Hér eru ályktanir úttektaraðila um að innra kerfið uppfylli kröfur á grundvelli upplýsinga í skýrslunni.

**ÁKVÆÐI 19:** Skýrslan skal gefa tölfræðilegt yfirlit um allar gerðir bilana, galla, skekkjur og rofin innsigli mæla. Auk þess skal skrá ágalla á aðstæðum mælanna og upplýsingar um galla í viðbótarbúnaði, villur í hlutfalli tengt mælaspennum, rangar tengingar, misvægi í álagi á mælaspenni og önnur frávik fyrir raforkumæla og skrá upplýsingar um rangar tengingar og önnur frávik fyrir vatnsmæla og varmaorkumæla. Að öðru leyti skal form, flokkun frávika og innihald skýrslunnar vera eins og Neytendastofa ákveður.

**SP 19.1:** *Gefur skýrslan tölfræðilegt yfirlit um allt sem var í ólagi skv. þessari grein?*

**SKÝRINGAR 19:**

Hér er verið að skoða tölfræði fyrir alla mælana sem voru skoðaðir, teknir niður eða átt við á annan hátt í samræmi við upplýsingar um úrtaksskoðanir og prófanir, en einnig um aðrar þætti sem taldir eru upp í þessari málsgrein reglugerðarinnar eins og bilanir o.fl.

**ÁKVÆÐI 20:** Neytendastofa staðfestir eigi síðar en 1. júní framlengingu á gildistíma heimildar til innra eftirlits gegn greiðslu árlegs eftirlitsgjalds samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

**SP 20.1:** *Hefur árlegt eftirlitsgjald verið greitt?*

**SP 20.2:** *Hefur Neytendastofa staðfest framlengingu á gildistíma og hvenær er staðfestingin dagsett?*

**SKÝRINGAR 20:**

Ekki eru rök til þess að neita um framlengingu þótt greiðsla mundi dragast, heldur mundi farið með slíka kröfu eins og aðrar kröfur.

Eins og fram kemur í reglugerðinni er framlenging miðuð við 1. júní og það breytist ekki næsta ár þótt dagsetning framlengingar færist til eitt árið.

**Löggildingaraðilar.**



**ÁKVÆÐI 21:** Aðilar sem annast löggildingar veitumæla í umboði Neytendastofu skulu vera óháðir dreifiveitum og þeim sem annast mæla fyrir hönd þeirra sbr. 3. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og hafa hæfni sem staðfest er með faggildingu sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 956/2006, um starfshætti þeirra sem annast löggildingar í umboði Neytendastofu.

**SP 21.1:** *Er löggildingaraðili veitumæla háður þeim sem rekur innra eftirlitið?*

**SKÝRINGAR 21:**

Dreifveita sem rekur innra eftirlit kann einnig að þurfa að fá mæla löggilta af löggildingaraðila fyrir nýja EBE-mæla og nýja mæla með íslensk vottorð og hugsanlega fyrir mæla sem af einhverjum ástæðum falla ekki undir innra eftirlitið. Sé svo þá er hér krafa um að löggildingaraðili sé ekki of tengdur þeim sem hann er að prófa fyrir þannig að ekki verði efast um hæfi löggildingaraðilans.

**ÁKVÆÐI 22:** Löggildingaraðilar meta söfn, ráða vali úrtaks til prófunar og taka ákvörðun um hvort safni er hafnað eða samþykkt og fái löggildingu fyrir dreifiveitur, sem ekki hafa innra eftirlit.

**SKÝRINGAR 22:**

Þetta ákvæði á ekki við um veitur sem reka innra eftirlit. Veita með innra eftirlit annast alla þessa þætti sjálf.

### **Prófunarstofur.**

**ÁKVÆÐI 23:** Prófunarstofur sem prófa raforku- eða vatnsmæla fyrir dreifiveitur eftir þessum reglum skulu vera faggiltar til prófana skv. IV. og V. kafla af faggildingaraðila, sem er aðili að marghliða samkomulagi EA á sviði prófunarstofa.

**SP 23.1:** *Uppfyllir prófunarstofan sem prófar mæla dreifiveitunnar viðeigandi kröfur um faggildingu?*

**SKÝRINGAR 23:**

Prófunarstofan skal vera faggilt skv. ÍST EN ISO 17025 fyrir aðferðir og verklagsreglur sem við eiga vegna prófana mæla.

**ÁKVÆÐI 24:** Prófunarstofa má vera löggildingaraðili en skal vera óháð dreifiveitum og þeim sem annast mæla fyrir hönd þeirra sbr. 3. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og skal vera óháð þeim sem bera ábyrgð á eftirliti með mælunum og ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstaðna prófana.

**SP 24.1:** *Er prófunarstofan óháð dreifiveitunni?*

**SP 24.2:** *Er prófunarstofan óháð þeim, sem annast mæla fyrir hönd dreifiveitu?*

**SP 24.3:** *Er prófunarstofan óháð starfsmönnum sem bera á byrgð á innra eftirliti veitu?*

**SKÝRINGAR 24:**

Prófunarstofan skal vera óháð öllum þeim sem hún annast prófanir fyrir. Meginforsenda þess að svo megi teljast er faggildingin, en Neytendastofa sem leggur áherslu á að traust ríki meðal hagsmunaaðila kann að leggja sitt eigið mat á þennan mikilvæga þátt í samráði við Viðskiptaráðuneyti.



## II. Álitsgerð þegar tekið er upp innra eftirlit með veitumælum

### Samantekt helstu spurninga fyrir álitsgerð úttektaraðila

**ÁKVÆÐI 1:**

SP 1.3.

**ÁKVÆÐI 2:**

SP 2.1, 2.2, 2.3, 2.4, 2.5.

**ÁKVÆÐI 3:**

SP 3.2, 3.3, 3.4, 3.5, 3.6, 3.8, 3.9, 3.15, 3.16, 3.17, 3.18.

**ÁKVÆÐI 4:**

SP 4.1, 4.3.

**ÁKVÆÐI 5:**

SP 5.1.

**ÁKVÆÐI 6:**

SP 6.1, 6.5.

**ÁKVÆÐI 7:**

SP 7.2.

**ÁKVÆÐI 9:**

SP 9.2.

**ÁKVÆÐI 10:**

SP 10.1.

**ÁKVÆÐI 11:**

SP 11.1, SP 11.2.

**ÁKVÆÐI 13:**

SP 13.1.

**ÁKVÆÐI 14:**

SP 14.2, 14.3.

**ÁKVÆÐI 21:**

SP 21.1.

**ÁKVÆÐI 23:**

SP 23.1.

**ÁKVÆÐI 24:**

SP 24.1, 24.2, 24.3.



## Niðurstaða álitsgerðar

Úttektaraðili:	_____
Tengiliður úttektaraðila:	_____
Dreifiveita:	_____
Tengiliður dreifiveitu:	_____
Umfang raforkumælar/ vatnsmælar:	_____

### Niðurstaða:

**Tengiliður kvitti undir þá niðurstöðu, sem við á.**

1.  
Skoðun hefur leitt í ljós að gera þarf úrbætur sem tilgreindar eru í fylgiskjali áður en veitt verður heimild til notkunar innra eftirlits í stað löggildinga:  
\_\_\_\_\_
2.  
Kerfi ofangreindrar dreifiveitu fyrir innra eftirlit með veitumælum fullnægir öllum kröfum Neytendastofu.  
\_\_\_\_\_

Dags. og undirskrift úttektaraðila:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_



### III. Árlegt eftirlit með innra eftirliti með veitumælum

#### Samantekt helstu spurninga fyrir árlegt eftirlit úttektaraðila

**ÁKVÆÐI 2:**

SP 2.1, 2.2, 2.3, 2.4, 2.6, 2.7.

**ÁKVÆÐI 3:**

SP 3.1, 3.2, 3.3, 3.4, 3.5, 3.6, 3.7, 3.8, 3.9, 3.10, 3.11, 3.12, 3.13, 3.14, 3.15, 3.16, 3.17, 3.18.

**ÁKVÆÐI 4:**

SP 4.1, 4.3.

**ÁKVÆÐI 5:**

SP 5.1.

**ÁKVÆÐI 6:**

SP 6.1, 6.5.

**ÁKVÆÐI 7:**

SP 7.1, 7.2.

**ÁKVÆÐI 13:**

SP 13.1, 13.2.

**ÁKVÆÐI 16:**

SP 16.1, 16.2, 16.3, 16.4, 16.5.

**ÁKVÆÐI 17:**

SP 17.1.

**ÁKVÆÐI 18:**

SP 18.2, 18.3, 18.4.

**ÁKVÆÐI 19:**

SP 19.1.

**ÁKVÆÐI 21**

SP 21.1.

**ÁKVÆÐI 23:**

SP 23.1.

**ÁKVÆÐI 24:**

SP 24.1, 24.2, 24.3.



## Niðurstaða skýrslu um árlegt eftirlit

Úttektaraðili:	_____
Tengiliður úttektaraðila:	_____
Dreifiveita:	_____
Tengiliður dreifiveitu:	_____
Umfang raforkumælar/ vatnsmælar:	_____

### **Niðurstaða:** **Tengiliður kvitti undir niðurstöðu.**

Kerfi ofangreindrar dreifiveitu fyrir innra eftirlit með veitumælum fullnægir öllum kröfum Neytendastofu.

\_\_\_\_\_

Dags. og undirskrift úttektaraðila:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_





## IV. Umsóknareyðublað fyrir innra eftirlit og lýsing á umsóknarferli.

### LÝSING Á UMSÓKNARFERLI

Dreifiveitur geta sótt um samþykki Neytendastofu fyrir því að innra eftirlit þeirra með veitumælum komi í stað löggildingar. Dreifiveitur, sem vilja nota innra eftirlit í stað löggildingar, þurfa að undirbúa það með gerð eigin gæðakerfis, skráningu sölumæla í gagnagrunn og skipun mælanna í söfn. Hér er framangreindu umsóknarferli og leyfisveitingu nánar lýst.

#### 1. Umsókn

##### **Stig I – Útfylling eyðublaðs og fylgigögn.**

Fylla skal út meðfylgjandi umsóknareyðublað. Umsókninni skal fylgja:

1. Eftirlits- eða gæðahandbók um kerfið fyrir innra eftirlit. Reki veitan víðtækara gæðakerfi þarf aðeins að senda almenna hlutann um stjórnun og skipurit en senda þarf allar vinnulýsingar og verklagsreglur varðandi umsýslu mælanna.
2. Samningur dreifiveitu við úttektaraðila um forskoðun á viðkomandi innra eftirliti.
3. Yfirlit um rekstur kerfisins.
4. Afrit af samningi dreifiveitu og eiganda mælitækja ef við á.
5. Kvittun um greiðsla á grunngjaldi til fyrstu skoðunar á umsóknar.

Í greiðslu grunnjalds felst að umsókn er tekin til skoðunar, fylgiskjöl könnuð og lagt á það mat hvort unnt sé að hefja frekari úrvinnslu umsóknarinnar. Við skoðun umsóknarinnar getur komið í ljós að frekari gögn þurfi til að koma svo unnt sé að vinna endanlega úr umsókn. Getur Neytendastofa í því skyni krafist umsækjanda um frekari og ítarlegri gögn til upplýsinga. Umsækjandi leggur þá fram skriflegt samþykki sitt til Neytendastofu um að hann skuldbindi sig til að greiða viðbótargjald til meðferðar umsóknarinnar og endanlegs samþykkis hennar í samræmi við bókfærðan tímafjölda hjá Neytendastofu, í samræmi við. gildandi gjaldskrá hverju sinni. Samþykki umsækjandi ekki frekari greiðslur fellur umsókn hans þá þegar niður. Athygli skal vakin á því að grunngjaldið er ekki endurgreitt.

##### **Stig II – Skriflegt samþykki**

Að lokinni ofangreindri meðferð, sbr. stig I, gefur Neytendastofa út skriflegt samþykki til dreifiveitu um heimild til úttektaraðila um að forskoðun geti farið fram. Við úttekt og forskoðun skal fylgja skoðunarhandbók Neytendastofu svo og öðrum fyrirmælum hennar eftir því sem við getur átt.

##### **Stig III - Móttaka Neytendastofu á niðurstöðum og athugasemdum frá úttektaraðila eftir forskoðun og undirbúningur endanlegrar leyfisveitingar.**

Skoðunarstofan annast úttekt í samræmi við skoðunarhandbók og fyrirmæli Neytendastofu. Hún skilar álitgerð til Neytendastofu. Neytendastofa fer yfir álitgerð úttektaraðila. Gerðar



eru viðbótarathugasemdir ef með þarf. Umsókn er tekin til lokafgreiðslu þegar öll skilyrði hafa verið uppfyllt og lokagreiðsla á viðbótargjaldi hefur verið innt af hendi, þegar við á.

Á öllum stigum greiðir umsækjandi ferðakostnað sérfræðings Neytendastofu ef við á.

## 2. Leyfisveiting.

Umsóknarferlinu lýkur með formlegri leyfisveitingu Neytendastofu. Umsækjandi greiðir leyfisgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá hverju sinni.

## 3. Árlegt eftirlit.

Umsækjendum ber skylda til að hlíta árlegu eftirlit af hálfu Neytendastofu í samræmi við reglur stofnunarinnar og þeim reglugerðum sem gilda um eftirlit hennar með veitumælum. Gjald vegna vinnu við árlegt eftirlit með kerfum samkvæmt þessari grein felur í sér gerð verk- og tímaáætlunar, vinnu við reglubundið mat á gæðakerfi og tæknilegri starfsemi umsækjanda, skýrslugerð og endurútgáfu leyfis.



NEYTENDASTOFA

## UMSÓKN UM SAMÞYKKI NEYTENDASTOFU TIL INNRA EFTIRLITS MEÐ MÆLUM HJÁ DREIFIVEITU Í STAÐ LÖGGILDINGAR

Eigandi veitumæla	Gata		
Kennitala eiganda	Póstnr. Staður		
Forstöðumaður	Gæðastjóri		
Nafn veitu (ef annar en eigandi)	Gata		
Kennitala veitu	Póstnr. Staður		
Forstöðumaður	Gæðastjóri		
Tengiliður	Staða		
Sótt eru um innra eftirlit með	Veitusvæði	Fjöldi mæla	
Raforkumælum			
Vatnsmælum			
Varmaorkumælum			
Fylgiskjöl	<ol style="list-style-type: none"><li>1. Eftirlits- eða gæðahandbók, um kerfið fyrir innra eftirlit.</li><li>2. Samningur dreifiveitu við úttektaraðila um forskoðun.</li><li>3. Yfirlit um rekstur kerfisins og aðrar upplýsingar ef við á.</li><li>4. Afrit af samningi dreifiveitu og eiganda mælitækja ef við á.</li><li>5. Kvittun vegna greiðslu grunngjalds til fyrstu skoðunar á umsókn.</li></ol>		

Undirritun umsækjanda: .....staður/dagsetning: .....

Fyllist út af Neytendastofu:

Dagsetning móttöku	
Umsókn samþykkt til meðferðar	
Umsókn synjað	
Grunngjald greitt	
Ábyrgðarmaður umsóknar:	